



242. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, miðvikudaginn 15. mars 2016 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson, Gunnlaugur Júlíusson, Örn Andrésson, Ingi Þór Ágústsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Þórey Edda Elísdóttir 1. varamaður, Lilja Sigurðardóttir 2. varamaður, Jón Finnbogason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll boðuðu: Sigríður Jónsdóttir ritari og Garðar Svansson.

Þetta gerðist:

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Ólympísk málefni

Örn Andrésson skýrði frá því helsta varðandi ólympísk verkefni sem framundan eru. Á árinu 2017 verða Vetrar- og Sumarólympíuhátíðir Evrópuæskunnar, Smáþjóðaleikar í San Marínó og Heimsleikar í strandíþróttum (World Beach Games) sem haldnir eru af ANOC.

Ólympíuleikarnir í Ríó 2016

Lögð fram skýrsla frá vettvangsferð til Ríó í mars vegna lokaundirbúnings.

2. Fagsvið ÍSÍ – stutt yfirlit

Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ

Örn Andrésson formaður sviðsins skýrði frá breyttum reglum vegna þátttökukvóta á Vetrarólympíuleikum.

Skýrt frá því að gengið verði til samstarfs við kínverska fyrirtækið PEAK um Ólympíufatnað fyrir Ólympíuleikana í Ríó.

Almenningsíþróttasvið ÍSÍ

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ. Lífshlaupið gekk vel í ár. Ný heimasíða vakti lukku og fyrirhugað er að bæta síðuna enn frekar fyrir næsta ár.

Undirbúningur fyrir Sjónvá-Kvennahlaup ÍSÍ er kominn vel af stað. Bolirnir í ár verða grænbláir að lit.

Heilsu- og hvatningarverkefnið Hjólað í vinnuna hefst 4. maí næstkomandi.

Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ

Líney Rut Halldórsdóttir skýrði frá nýútgefnu veggspjaldi með leiðbeiningum í kjölfar höfuðáverka í íþróttum. Veggspjaldinu verður dreift í öll íþróttamannvirki og til sambandsaðila. Elsa Nielsen hannaði veggspjöldin. Íslensk getspá styrkti verkefnið.

3. Fjármál

Gunnar Bragason gjaldkeri lagði fram endurskoðaða fjárhagsáætlun ÍSÍ 2016 og niðurstöðu rekstrar ársins 2015.

Ýmsir þættir í rekstri sambandsins á árinu 2015 voru kostnaðarsamari heldur en gert hafði verið ráð fyrir í áætlunum enda þungt rekstrarár með tilliti til Smáþjóðaleikanna og annarra verkefna á árinu. Einnig má nefna óvænt viðhaldsverkefni á Íþróttamiðstöðinni.

Ársreikningur verður aftur til umfjöllunar í stjórn þegar endurskoðandi hefur lokið yfirferð og endurskoðun sinni.

Forseti skýrði frá því að skoðun á rekstri og starfsmannahaldi væri framundan en 6,2% launahækkningar urðu um áramótin, skv. kjarasamningum VR.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 lögð fram og samþykkt.

4. Skipan Upplýsinga- og fjölmiðlanefndar ÍSÍ

Lögð fram tillaga um að skipa eftirtalda í ofangreinda nefnd:

Viðar Garðarsson formaður

Úlfur Hróbjartsson

Andri Stefánsson

Gunnlaugur Júlíusson

Páll Kolbeinsson

Tillagan samþykkt. Ragna Ingólfssdóttir verður starfsmaður nefndarinnar.

5. Stýrihópur um félagakerfi íþróttahreyfingarinnar

Lögð fram tillaga um að Gunnar Bragason, Örn Andrésen og Lilja Sigurðardóttir verði fulltrúar ÍSÍ í stýrihópnum.

Tillagan samþykkt.

6. Skipan fulltrúa ÍSÍ í stjórn Vetrariþróttamiðstöðvar Íslands

Lögð fram tillaga um Friðrik Einarsson sem aðalman og Helgu Steinunni Guðmundsdóttur sem varamann.

7. Þátttakendur Íslands í International Session for Young Participants 2016

Lagt fram minnisblað þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ vegna þátttakenda í ofangreindu fræðsluverkefni á vegum Alþjóðaólympíuakademíunnar, sem fram fer í Ólympíu í Grikklandi. Þátttakendur Íslands að þessu sinni eru Bjarki Gíslason og Hildur Sigurðardóttir.

8. Heiðranir

Árþing HHF

Lögð fram tillaga um að sæma Sædís Eiríksdóttur, fráfarandi stjórnarmann HHF, Silfurmerki ÍSÍ á árþingi sambandsins sem haldið er í kvöld. Sædís hefur verið í stjórn sambandsins frá árinu 2010 og einnig setið í stjórn Íþróttafélagsins Harðar. Tillagan einróma samþykkt.

Árþing HSK

Samþykkt var með rafrænum hætti að sæma Guðmund Jónasson gjaldkera HSK Silfurmerki ÍSÍ. Framkvæmdastjóri ÍSÍ afhenti merkið á árþingi HSK 12. mars síðastliðinn.

Árþing HSP

Samþykkt var með rafrænum hætti að sæma Huldu Elínu Skarphéðinsdóttur og Elísabetu Sigurðardóttur Silfurmerki ÍSÍ á árþingi HSP 13. mars síðastliðinn. Gunnlaugur Júlíusson afhenti merkin.

Árspaning USAH

Samþykkt var með rafrænum hætti að sæma Aðalbjörgu Valdimarsdóttur fráfarandi formann USAH Gullmerki ÍSí.

Einnig að sæma Hafdís Vilhjálmsdóttur og Valgerði Hilmarsdóttur Silfurmerki ÍSí. Þórey Edda Elísdóttir afhenti merkin á árspaningi USAH 13. mars síðastliðinn.

Árspaning USÚ

Samþykkt einróma að sæma Valdemar Einarsson fráfarandi framkvæmdastjóra og fyrrum stjórnarmann USÚ Gullmerki ÍSí fyrir störf hans í þágu USÚ.

9. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir teknar fyrir og staðfestar:

- 241. fundur framkvæmdastjórnar
- 6. og 7. fundur framkvæmdaráðs ÍSí
- Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí frá 24. febrúar 2016
- Verkefnasjóðs ÍSí frá 10. mars 2016. Tillögur sjóðsstjórnar að styrkveitingum samþykktar.

10. Viðburðir framundan

Farið fyrir þá viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

11. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí

Dagsetning næsta fundar framkvæmdastjórnar verður send til fundarmanna þegar ákvörðun liggur fyrir.

12. Önnur mál

Æfingagjöld í íþróttum

Jón Finnbogason vakti athygli á umræðu í þjóðfélaginu um þátttökugjöld í íþróttum, sem eru mjög mismunandi á milli íþróttar og jafnvel á milli kynja.

Umræður urðu um málið. Fundarmenn voru sammála um að vert væri að fylgjast með þróun þessara mála á næstu misserum.

Dekkjakurl á gervigrasvöllum

Nokkrar umræður urðu um notkun dekkjakurls á gervigrasvöllum en mikil umræða hefur átt sér stað undanfarna mánuði um meinta skaðsemi dekkjakurls á heilsu fólks. ÍSí mun fylgjast náið með framvindu mála en niðurstöður rannsókna eru ekki óyggjandi um að magn skaðlegra efna í dekkjakurli sem nýtt er í þessum tilgangi sé yfir hættumörkum.

Íþróttastefna ríkisins

Íþróttastefna ríkisins er til endurskoðunar og mun ÍSí funda með Íþróttanefnd ríkisins 31. mars næstkomandi þar sem farið verður yfir stefnuna, hvað hefur áunnist og hvað þarf að gera betur.

Ingi Þór Ágústsson benti á að ÍSí hefur ekki sérstaka stefnu aðra en þá sem fram kemur í lögum og reglugerðum ÍSí og stefnum um einstaka málaflokka. Samþykkt að taka málið til umfjöllunar á vinnufundi framkvæmdastjórnar ÍSí við fyrsta tækifæri.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari.